Heilbrigði og öryggi

Þessar heilbrigðis og öryggis upplýsingar eru uppfærðar reglulega til að gæta að nákvæmni og heilleika. Athugið *www.oculus.com/warnings* fyrir nýjustu útgáfu.

⚠ VIÐVÖRUN

HEILBRIGÐIS OG ÖRYGGIS VIÐVARANIR: Til að takmarka áhættu á meiðslum, óþægindum eða eignarspjöllum, vinsamlegast tryggið að allir notendur gleraugnanna lesi viðvaranirnar hér að neðan gaumgæfilega áður en þeir nota Oculus Go gleraugun og stýripinnann.

⚠ VIÐVÖRUN

Áður en gleraugun eru notuð.

- Lestu og fylgdu leiðbeiningum sem fylgja með gleraugunum til að fræðast um uppsetningu og notkun gleraugnanna.
- Kynntu þér ráðlagðar hug- og vélbúnaðar kröfur vegna notkunar gleraugnanna. Líkur á óþægindum gætu aukist ef ekki er stuðst við ráðlagðan vél- eða hugbúnað.
- Gleraugun og hugbúnaðurinn eru ekki hönnuð til að vera notuð með óviðurkenndum tækjum, aukabúnaði, hugbúnaði og/eða efni. Notkun á óviðurkenndum búnaði, aukatækjum, hugbúnaði og/eða efni ásamt því að brjótast inn í gleraugun (e. hacking), hugbúnaðinn eða efnið getur leitt til meiðsla á þér eða öðrum, verri afkastagetu tækis eða tjóni á tækinu og tengdum þjónustum.
- Til að lágmarka óþægindi, stilltu hliðar og topp ólar, gættu þess að andlitsgríman sé þægilega stillt og að þú sjáir einfalda og skýra mynd; það mun auka rétt þyngdarjafnvægi og þyngdardreifingu á gleraugunum. Til að koma í veg fyrir óvæntar breytingar á stillingum skaltu athuga stillingarnar áður en þú notar tækið aftur eftir pásu.

- Sýndarveruleiki er raunveruleg upplifun sem getur verið krefjandi. Hræðilegt, ofbeldisfullt eða stressandi efni getur leidd til þess að líkami þinn bregst við eins og um væri að ræða raunveruleika. Ef þér þykir slíkt efni óþægilegt eða það vekur upp líkamleg einkenni skaltu vanda þig við val á efni. Oculus gefur þæginda-einkunnir (e. comfort ratings) fyrir sumt efni og þú ættir að skoða þæginda-einkunnina fyrir efnið þitt áður en þú notar það. (Frekari upplýsingar um þæginda-einkunnir og hvernig þær geta aðstoðað þig fá þægilega upplifun, má finna á *https://support.oculus.com/help/oculus/918058048293446/*). Ef þú ert óvanur/óvön sýndarveruleika þá skaltu byrja á efni með einkunnina þægilegt (Comfortable), áður en þú prufar miðlungs (Moderate), krefjandi (Intense) eða efni sem er án einkunnar.
- Þægileg upplifun í sýndarveruleikanum krefst óskerts hreyfingarskyns og jafnvægis. Ekki nota gleraugun þegar þú ert: Þreytt/ur; þarft svefn; undir áhrifum áfengis eða lyfja; með timburmenn; með meltinga vandamál; átt við tilfinningaleg vandamál að stríða eða ert kvíðinn; eða með kvef, flensu, hausverk, mígreni, eða eyrnaverki, þar sem það getur aukið líkur á óþægilegri upplifun.
- Hafðu samband við lækni áður en þú notar gleraugun ef þú ert barnshafandi, öldruð/aldraður, með fyrirliggjandi samsjónar vandamál, átt við geðræn vandamál að stríða, eða ef þú þjáist af hjartarsjúkdómi eða öðrum alvarlegum sjúkdómi.

⚠ VIÐVÖRUN Flog

Sumir (1 af hverjum 4000) eiga það til að fá alvarlegan svima, flogaköst, augna- eða vöðvakippi eða missa meðvitund vegna blikkandi ljóss eða munsturs, sem getur komið fram á meðan þeir horfa á sjónvarp, spila tölvuleik eða upplifa sýndarveruleika, jafnvel þótt þau hafi aldrei fengið flogakast eða misst meðvitund áður eða hafa enga forsögu af flogum eða flogaveiki.

⚠ VIÐVÖRUN Börn

Þessi vara er ekki leikfang og ætti ekki að vera notuð af börnum yngri en 13 ára, þar sem gleraugun eru ekki í réttri stærð fyrir börn og röng stærð getur leitt til óþæginda og óæskilegra heilsufarsvandamála, ásamt því að sjónkerfi yngri barna kann að vera á viðkvæmum tímapunkti vegna þroska. Fullorðnir einstaklingar ættu að gæta þess að börn (13 ára og eldri) noti gleraugun í samræmi við þessar heilbrigðis og öryggis leiðbeiningar þ.m.t. gæta þess að gleraugun séu notuð á þann hátt sem er lýst í köflunum: Áður en gleraugun eru notuð og Öruggt umhverfi. Fullorðnir einstaklingar ættu að fylgjast með hvort börn (13 ára og eldri) sem nota gleraugun, fái einhver af þeim einkennum sem er lýst í þessum heilbrigðis og öryggis viðvörunum (þ.m.t. þeim einkennum sem er lýst í köflunum Óþægindi og Ítrekuð álagsmeiðsli), og ættu að takmarka þann tíma sem börn nota gleraugun og gæta þess að þau taki pásur frá notkun. Forðast skal langvarandi notkun, þar sem hún getur haft slæm áhrif á samhæfingu handa og sjónar, jafnvægi og fjölverkavinnslu. Fullorðnir einstaklingar skulu fylgjast vandlega með börnum bæði á meðan notkun stendur og eftir notkun og athuga hvort dregist hafi úr slíkum hæfileikum.

⚠ VIÐVÖRUN Almennar varúðarráðstafanir

Til að draga úr hættu á meiðslum eða óþægindum ættir þú alltaf að fylgja þessum leiðbeiningum og varúðarráðstöfunum þegar þú notar gleraugun:

- **Notið aðeins í öruggu umhverfi** Gleraugun skapa raunverulega sýndarveruleika upplifun sem afvegaleiða þig frá, og einangra þig algjörlega frá hinu raunverulega umhverfi.



Í LAGI



EKKI Í LAGI

- **Vertu alltaf meðvituð/meðvitaður um umhverfið áður en þú notar gleraugun og á meðan þú notar þau. Vertu varkár til að koma í veg fyrir meiðsli.**
- Þú ert ávallt ábyrg/ur fyrir því að skapa og viðhalda umhverfi þínu þannig að það sér öruggt til notkunar á gleraugunum.
- Það að detta á, hlaupa á eða lemja veggi, húsgögn eða aðra muni eða fólk getur leitt til alvarlegra meiðsla, svo rýmdu svæðið áður en þú notar gleraugun.
- Notkun á gleraugunum og Oculus stýripinnunum getur leidd til þess að þú missir jafnvægið.
- Mundu að hlutir sem þú sérð í sýndarveruleikanum eru ekki til í alvörunni, svo ekki setjast á þá, standa ofan á þeim eða styðjast við þá.
- Vertu sitjandi nema leikurinn eða efnið sem þú ert að upplifa krefst þess að þú standir. Ef þú notar gleraugun á meðan þú situr, gættu þess að sitja á öruggu og stöðugu yfirborði.
- Gættu þess sérstaklega að þú sért ekki nálægt öðru fólki, hlutum, stigum, römpum, gangstétt, svölum, dyragáttum, gluggum, húsgögnum, eldi (t.d. kerti eða eldstæði), loftviftum eða ljósastæðum, sjónvörpum eða skjáum, eða öðrum hlutum sem þú gætir rekist í eða slegið á meðan þú notar gleraugun eða beint eftir notkun á þeim.
- Notkun á gleraugum samhliða notkun á sýndarveruleikagleraugunum getur aukið líkur á meiðslum á andliti ef þú dettur eða rekur andlitið í.
- Þú getur teygt úr höndunum til hliðar og sett þær yfir haus á meðan þú notar gleraugun, svo gættu þess að þetta svæði sé rýmt.
- Áður en þú notar gleraugun skaltu rýma svæðið af öllum hlutum sem er hægt að hrasa um.

- ▶ Athugaðu að á meðan þú notar gleraugun þá gæti fólk eða gæludýr nálgast þig án þinnar vitundar.
- ▶ Þú sérð ekki umhverfið þitt á meðan þú notar gleraugun, svo ekki halda á eða meðhöndla hættulega hluti, sem geta skaðað þig eða geta skemmst.
- ▶ Gleraugun eru hönnuð til þess að vera notuð innandyra. Ef þau eru notuð utandyra, þá skaltu gæta sérstaklega vel að umhverfinu og gæta þess að þú sért að nota gleraugun í öruggu umhverfi í burtu frá bílaumferð, gangandi vegfarendum eða öðrum hættum sem leynast utandyra. Ef gleraugun eru notuð utandyra skaltu sitja nema leikurinn eða efnið sem þú ert að upplifa krefst þess að þú standir.
- ▶ Aldrei nota gleraugun í aðstæðum þar sem þörf er á athygli þinni, t.d. þegar þú ert að labba, hjóla eða keyra

- Farðu rólega í notkun á gleraugunum til að leyfa líkamanum að venjast; notaðu gleraugun aðeins í nokkrar mínútur í fyrsta skiptið og bættu aðeins við meiri tíma þegar þú hefur vanist sýndarveruleikanum. Það að horfa í kringum sig og að nota inntakstækið (e. input device) þegar þú upplifir sýndarveruleikann í fyrsta skipti getur hjálpað þér að aðlagast þeim mun sem er á milli hreyfinga í raunveruleikanum og samsvarandi hreyfingum í sýndarveruleikanum.
- Ekki nota gleraugun á meðan þú ert í farartæki á ferð, t.d. bíl, rútu eða lest, þar sem frávik á hraða (hröðun) eða snöggar hreyfingar geta aukið líkur á óþægilegum einkennum.
- Þú skalt taka 10 til 15 mínútu pásu eftir hverjar 30 mínútur af notkun, jafnvel þó þú teljir þig ekki þurfa þess. Enginn er eins, svo taktu fleiri og lengri pásur ef þú finnur fyrir óþægindum. Þú skalt ákveða hvað virkar best fyrir þig.
- Það er eðlilegt að gleraugun séu heit þegar þú snertir þau á meðan þau eru í notkun eða þegar þau eru í hleðslu. Langvarandi

snerting gleraugnanna við húð, á meðan gleraugun eru heit, getur leidd til óþæginda í húð eða roða, eða lág hitastigs bruna. Ef þér finnst gleraugun vera orðin of heit þegar þú snertir þau eða þau eru óþægilega heit, þá skaltu hætta að nota þau eða hlaða þau og leyfa þeim að kólna.

- Til að koma í veg fyrir heyrnaskaða, þá skaltu forðast langvarandi notkun á háum hljóðstyrk.

VIÐVÖRUN Kerfis viðvaranir

Til að gæta öryggis þíns, þá munu gleraugun veita þér eftirfarandi viðvaranir:

- Hljóð- og myndviðvörun þegar gleraugun eru að ofhitunar. Þegar slík viðvörun birtist/heyrist, til að takmarka áhættu á meiðslum, skaltu fjarlægja gleraugun og leyfa þeim að kólna áður en notkun er haldið áfram.
- Hljóðviðvörun þegar hljóðstyrkur er mikill. Ef slík viðvörun birtist skaltu lækka hljóðstillinguna til að takmarka áhættu á heyrnarskaða.

VIÐVÖRUN Óþægindi

- **Hættu notkun gleraugnanna strax ef þú upplifir eitthvað af eftirfarandi einkennum: flogakast; meðvitundarleysi; augnþreyta; augna- eða vöðva kippir; óviljandi hreyfingar; breytt, óskýr eða tvöföld sýn eða aðrar sjóntruflanir; svimi; áttavilla; skert augna og handa samhæfing; óvenju mikil svitamyndun; aukin munnvatnsmyndun; ógleði; vægur svimi, óþægindi eða sársauki í höfði eða augum; syfja; þreyta; eða önnur einkenni sem eru sambærileg bílveiki.**
- **Einkenni vegna váhrifa við sýndarveruleika geta enst og orðið augljósari klukkutímum eftir notkun, rétt eins og einkenni sem fólk verður vart við eftir að það fer frá skipi. Þessi einkenni**

sem birtast eftir notkun geta verið í form þeirra einkenna sem hafa verið nefnd hér að ofan, og til viðbótar má nefna verulega þreytu og skerta getu til fjölverkavinnslu.

- Ekki keyra, stjórna vélum eða framkvæma neina athöfn sem er



krefjandi fyrir sjónina eða líkamann og hefur mögulega alvarlegar afleiðingar (þ.e. athafnir þar sem einkennin geta leitt til dauða, meiðsla eða eignarspjalla), eða aðrar athafnir þar sem þörf er á óskertu jafnvægi og augna og handa samhæfingu (t.d. íþróttir eða hjólreiðar, o.þ.h.) fyrr en þú hefur jafnað þig almennileg af einkennunum.
- Ekki nota gleraugun fyrr en þú hefur verið laus við einkennin í nokkra klukkutíma.
- Mundu eftir tegund þess efnis sem þú varst að nota áður en þú fékkst einkennin þar sem efnið gæti verið til þess fallið að þú sért líklegri til að fá einkennin. Skoðaðu þæginda-einkuninna (e. comfort rating) fyrir efnið sem þú varst að nota og íhugaðu að nota efni með meira viðeigandi einkunn.
- Hafðu samband við lækni ef þú hefur alvarleg og/eða langvarandi einkenni.

⚠ VIÐVÖRUN

Rafhlaða gleraugnanna og hleðsla

Gleraugun innihalda endurhlaðanlega Lithium-Ion rafhlöðu og með þeim gæti fylgt straumbreytir (hleðslutæki) og hleðslu snúra. Röng notkun á rafhlöðunni eða straumbreytinum getur leitt til eldsvoða, sprengingar, leka á rafhlöðu eða annarrar hættu. Fylgdu þessum leiðbeiningum til að takmarka áhættu á meiðslum á bæði sjálfum þér og öðrum, eða tjóni á tækinu þínu.

- Notandi getur ekki skipt um rafhlöðu eða viðhaldið henni. Ekki reyna að opna gleraugun til að komast að rafhlöðunni, opna, lagfæra eða skipta um rafhlöðuna. Vinsamlegast hafið samband við þjónustuver Oculus ef þörf er á aðstoð vegna rafhlöðunnar eða straumstillinga.
- Ekki nota gleraugun á meðan þau eru tengd hleðslutækinu eða á meðan þau eru í hleðslu.
- Gleraugun skulu einungis hlaðin með straumbreytinum og hleðslusnúrunni sem fylgja með, eða með viðurkenndum straumbreyti og snúru ef slíkt fylgir ekki með. Ekki nota aðrar snúrur eða straumbreyta. Ef þú ert óviss hvort að snúra eða straumbreytir virki fyrir gleraugun þín, þá skaltu hafa samband við þjónustuver Oculus.
- Þú skalt reglulega skoða gaumgæfilega snúrur, tengi og straumbreyti og athuga hvort þú finnir einhver ummerki um slit. Þú skalt ekki nota straumbreytin ef klóin, umgjörðin, tengi, snúrur eða einhver hluti þess er skemmdur, brotin eða óvarinn.
- Ekki nota nota utanáliggjandi rafhlöður eða aflgjafa að frátöldum meðfylgjandi straumbreyti eða viðurkenndum aukahlutum til að hlaða rafhlöðuna eða knýja gleraugun.
- Ekki reyna að hlaða eða nota gleraugun ef það kviknar ekki á þeim eftir tilraun til hleðslu, ef gleraugun verða óvenjulega heit við notkun eða hleðslu, eða ef raflhlöðuhólfið er bólgið, það lekur eða rýkur úr því.
- Ekki taka gleraugun í sunder, kremja þau, brjóta, beygla eða afmynda, stinga, tæta eða þrýsta með miklu afli á gleraugun. Framangreint getur leitt til leka eða skammhlaups á rafhlöðunni sem getu valdið ofhitnun.

- Varist að missa gleraugun. Ef gleraugun detta, sérstaklega á hart yfirborð, getur það leitt til tjóns á gleraugunum og rafhlöðunni. Ef þig grunar að gleraugun eða rafhlaðan sé skemmd skalt hafa samband við þjónustuver Oculus.
- Ekki leyfa gleraugunum að blotna eða komast í snertingu við vökva. Jafnvel þótt gleraugun þorni og virðist virka eðlilega, þá getur rafhlaðan eða rafrásir eyðilagst og valdið öryggisáhættu. Ef gleraugun blotna, skaltu hafa samband við þjónustuver Oculus, jafnvel þótt gleraugun virðist virka eðlilega.
- Ekki skilja gleraugun eftir á svæðum sem geta hitnað verulega, svo sem inni í eldhúsi, nálægt eldhústækum, straujárni eða hitaofni eða í beinu sólarljósi. Mikill hiti getur skaðað gleraugun eða rafhlöðuna og valdið því að gleraugun eða rafhlaðan springi. Ekki þurrka blaut eða rök gleraugu með tæki, eða hitagjafa svo sem örbylgjuofni, hárblásara, straujárni eða hitaofni. Forðist að skilja gleraugun eftir í bifreið þegar það er heitt úti.
- Ef rafhlaðan skyldi leka, þá skal vökvin ekki komast í snertingu við húð eða augu. Ef vökvin kemst í snertingu við húð eða augu, þá skal þvo viðkomandi svæði með miklu vatni og leita til læknis.
- Gæta skal þess að gleraugun séu ávallt nægilega loftræst og loftflæði sé gott þega þau eru í notkun eða í hleðslu. Sé breitt yfir gleraugun með efni sem hefur veruleg áhrif á loftflæði getur haft áhrif á afköst gleraugnanna og skapað mögulega eld- eða sprengihættu.
- Gleraugun og straumbreytirinn (ef hann fylgir með) standast kröfur viðeigandi staðla um hitastig á yfirborði tækjanna. Til að koma í veg fyrir mögulegan lághitastigs bruna skalt þú forðast að snerta straumbreytinn samfellt yfir langan tíma á meðan tækið er í hleðslu, eða þegar það er tengt við aflgjafa. Gættu þess að straumbreytirinn sé í vel loftræstu rými þegar hann er í notkun. Notaðu viðurkennda hleðslu snúru til að gleraugun

sé sem næst straumbreytinum; ekki staðsetja straumbreytirinn undir kodda, teppi eða undir líkamshluta. Notendur sem glíma við læknisfræðileg eða líkamleg vandamál sem skerða möguleika viðkomandi til að greina hita á húð sinni, skulu hafa sérstaklega aðgát við notkun tækisins eða við hleðslu með straumbreytinum. Fylgdu öllum viðvörunum um hitastig og leiðbeiningum sem kunna að birtast á skjá tækisins.

- Fargið gleraugunum og rafhlöðunni á viðeigandi hátt. Ekki farga gleraugunum eða rafhlöðunni með eldi eða brennslustöð, þar sem rafhlaðan gæti sprungið ef hún ofhitnar. Gleraugunum og rafhlöðunni skal ekki fargað á sambærilegan hátt og venjulegu heimilissorpi. Skoðaðu *www.oculus.com/support* fyrir viðeigandi upplýsingar um viðhald, skipti og förgun á gleraugunum þínum.

⚠ VIÐVÖRUN Ítrekuð álagsmeiðsli

Notkun á þessu tækju getur leitt til meiðsla í vöðvum, liðamótum, hálsi, höndum eða húð. Ef einhver líkamshluti verður þreyttur eða aumur við notkun á gleraugunum eða fylgihlutum þeirra, eða ef þú finnur fyrir einkennum eins og náladofa, dofa, bruna eða stirðleika, hættu notkun og hvíldu þig í nokkra klukkutíma áður en þú notar tækið aftur. Ef einkennin hverfa ekki eða þú verður var við frekari óþægindi á meðan eða eftir notkun, hættu notkun og leitaðu til læknis.

⚠ VIÐVÖRUN Aukabúnaður

- Gleraugun og hugbúnaðurinn er ekki hannaður til notkunar með neinum óviðurkenndum aukabúnaði. Notkun á óviðurkenndum aukabúnaði getur leidd til meiðsla á sjálfum þér eða öðrum, getur leitt til verri afkastagetu eða tjóni á tækinu og þjónustuþáttum þess.

- Skoðið leiðbeiningar aukabúnaðarins til að finna upplýsingar um uppsetningu, viðvaranir og notkun á meðfylgjandi og viðurkenndum aukahlutum.
- Notið aðeins ráðlagðar rafhlöður og hleðslutæki fyrir viðurkennda aukabúnaðinn.
- Setjið upp og notið úlnliðsband eða öryggisól með aukabúnaði þegar slíkt er í boði til þess að festa búnaðinn við úlnliðinn á þér á meðan búnaðurinn er notaður.
- Notið öryggisól með öllum aukabúnaði svo hann endi ekki sem kasthlutur.

⚠ VIÐVÖRUN Truflun á lækningatækjum

Gleraugun og stýripinninn (stýripinnarnir) gætu innihaldið segla eða hluti sem gefa frá sér útvarpsbylgjur, sem gætu haft áhrif á virkni nærliggjandi raftækja, þ.m.t. gangráður, heyrnatæki og hjartastuðtæki. Ef þú ert með gangráð eða önnur ígrædd læknistæki, skaltu ekki nota gleraugun eða stýripinnanna fyrr en þú hefur ráðlagt þig við lækni eða framleiðanda læknistækisins. Þú skalt halda gleraugunum og stýripinnunum í öruggri fjarlægð frá lækningartækinu. Hættu notkun á gleraugunum og/eða stýripinnunum ef þú tekur eftir truflunum á lækningartækinu þínu.

⚠ VIÐVÖRUN Rafhlöður í stýripinna

Stýripinnarnir innihalda AA rafhlöður

- HÆTTA Á KÖFNUN. Fjarstýringin er ekki leikfang. Hún inniheldur rafhlöðu, sem er lítil. Geymið þar sem börn yngri en 3 ára ná ekki til.
- EKKI BORÐA RAFHLÖÐUNA. HÆTTA Á EFNABRUNA

- Ef rafhlaðan er gleypt, getur það valdið alvarlegum innvortis bruna og mögulegum götum í vélinda, innan 2 klst. og getur leitt til dauða.
- Ef þú heldur að rafhlaða hafi verið gleypt eða komist innvortis með öðrum hætti, leitaðu læknishjálpar og fáðu lækninn þinn til að hringja í Eitrunarmiðstöðina s. 543 2222.
- Geymið bæði nýjar og notaðar rafhlöður þar sem börn ná ekki til. Ef rafhlöðuhólfið lokast ekki almennilega, skaltu hætta notkun á tækinu og geyma þar sem börn ná ekki til.
- Geymið í upprunalegu pakkningunum þar til þær eru tilbúnar til notkunar. Fargið notuðum rafhlöðum strax og á viðeigandi hátt.
- Notandinn getur skipt um rafhlöðu í stýripinnanum sjálfur: VARÚÐ - HÆTTA Á SPRENGINGU EF RAFHLAÐU ER SKIPT ÚT FYRIR VITLAUSA TEGUND. FARGIÐ NOTUÐUM RAFHLÖÐUM Í SAMRÆMI VIÐ LEIÐBEININGAR.
- Ekki taka rafhlöður í sundur, stinga gat á þær eða reyna að breyta rafhlöðunum.
- Eldhætta. Rafhlöður geta sprungið eða lekið ef þær eru settar öfugar í, teknar í sundur, hlaðnar, kramdar, blandaðar með eða notaðar með öðrum tegundum af rafhlöðum, eða ef þær komast í snertingu við eld eða hátt hitastig.
- Ekki leyfa leiðandi efnum að snerta rafhlöðuskautin á stýripinnunum. Haldið rafhlöðunum þurrum og forðist vökva. Hættu notkun og hafðu samband við þjónustuver Oculus ef það kemst vökvi í snertingu við rafhlöðuna eða ef tækið eða rafhlöðuhólfið blotnar fyrir slysni.
- Hættu notkun ef þú verður var við óeðlilega hækkun á hitastigi tækisins og/eða í kringum rafhlöðuhólfið.

- Viðvörun sem er krafist af Kaliforníu fylki: Efni úr perklórat - gæti þarfnast sérstakrar meðhöndlunar, sjá *www.dtsc.ca.gov/hazardouswaste/perchlorate*.
- Skoðið *www.oculus.com/support* til að sjá leiðbeiningar um viðeigandi viðhald, skipti og förgun á rafhlöðum.

⚠ VIÐVÖRUN Raflost

Til að takmarka áhættu á raflosti:

- Ekki breyta eða opna neina hluti sem eru veittir.
- Ekki hlaða tækið ef einhver hluti snúrunnar á meðfylgjandi eða viðurkennds straumbreytis er rifinn, vírar eru óvarðir, eða rafhlöðuhólfið er skaddað.
- Ekki setja neina málm-, leiðandi- eða aðskotahluti í hleðslutengið.
- Ekki leyfa tækinu að komast í snertingu við vatn eða vökva.
- Notið AÐEINS meðfylgjandi straumbreyti með tækinu eða annan viðurkenndan straumbreyti ef það fylgir ekki straumbreytir með tækinu þínu.

⚠ VARÚÐ Skemmt eða brotið tæki

- Ekki nota tækið ef það eða einhver hluti þess er brotið eða skemmt.
- Ekki reyna að gera við einhvern hluta tækisins sjálf/ur. Einungis viðurkenndir þjónustuaðilar Oculus skuli sjá um viðgerðir.

⚠ VARÚÐ Smitsjúkdómar

Til að koma í veg fyrir að breiða út smitsjúkdómum (t.d. tárubólgu), þá skaltu ekki deila gleraugunum með aðila sem er með smitsjúkdóm, sýkingu eða sjúkdóm, sérstaklega í augum, húð eða höfuðleðri. Þú skalt þrífa gleraugun og stýripinnana eftir hverja notkun með húðvænni, óáfengri, ótærandi, sótthreinsandi

klút og þú skalt þrífa linsuna með þurrum örtrefja klút. Ekki nota vökva eða hreinsiefni á linsuna. Skiptu út andlitsgrímunni á gleraugunum ef hún er orðin slitin eða ekki er hægt að þrífa hana.

⚠ VARÚÐ Erting á húð

Gleraugun eru notuð nálægt húð og höfuðleðri. Hættu notkun á gleraugunum ef þú verður var við bólgur, kláða, ertingu í húð eða önnur viðbrögð í húðinni. Hið sama á við um stýripinnann, vinsamlegast hættu notkun ef þú verður var við einskonar ertingu í húð eða viðbrögð. Leitaðu læknishjálpar ef einkennin eru viðvarandi.

⚠ VARÚÐ Hitastig tækis

Þar sem framhluti tækisins getur orðið heitur er mikilvægt að athuga hitastig tækisins. Til að lágmarka hættu á meiðslum, farðu varlega og ekki snerta heitt yfirborð tækisins lengi.

⚠ VARÚÐ Umhverfi

Til að koma í veg fyrir skemmdir á tækinu þínu eða stýripinnum, þá skaltu halda tækinu frá raka, miklum loftraka, miklu ryki eða öðrum efni í loftinu, lægra eða hærra hitastigi en tækið þolir eða beinu sólarljósi. Geymið snúrur þar sem hvorki börn né gæludýr ná til.

ATHUGIÐ

Þetta er ekki lækningartæki

Gleraugun og aukabúnaður þess er ekki lækningartæki, og er ekki ætlað að greina, meðhöndla, eða koma í veg fyrir nokkurn sjúkdóm.

ATHUGIÐ

Geymið þar sem gæludýr ná ekki til

- Til að koma í veg fyrir skemmdir, geymið gleraugun, hleðslutæki, snúrur og aukabúnað þar sem gæludýr ná ekki til.